

2. Ráðuneytinu er heimilt að viðurkenna án umsóknar ílát og umbúðir, sem almennt hafa verið á markaði fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.
3. Eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu öll ákvæði hennar vera komin til framkvæmda.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 396.

2. nóvember 1977.

## REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

### 1. gr.

Frá 10. nóvember 1977 til 15. maí 1978 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta í punkt 64°02'4 og 23°42'0 V og þaðan réttvísandi norður í punkt 64°20'0 N og 23°42'0 V og þaðan réttvísandi austur.

### 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 397.

7. október 1977.

## AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um *Selvogsgötu* njóti forgangs fyrir umferð um *Öldutún* og *Ölduslóð*, (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 7. október 1977.*

**Einar Ingimundarson.**